manns eðli og vilja, sameining og einskakt o. fl. þessháttar —, enn hjer talast einungis um í trúnni, og það skjeður líka með hra-gunt og heilagt og háleitt í trúnni, þvír mótalgarnir Guðs í henni og manninum af sjer, — og í kjærleikanum; og í kjærleik-anum helst hið sjálfstæðislega atriði. Í heims fræðilegri mynd, kemur þetta kannske fram hjá Kant annan þinna — í ann báðum, enn Fichte og Spinoza (hinum þinni). Kant tekur eingaungu fram einingu viljans, þannig maðurinn viðkur ekkjert viðvíkjandi um Guð "theoretice", þó verður hann að halla sjer að því innra, halda sjer við bæði lögmálsins og samvizkunnar. Með þessu móti bindur hann á lögmálsins löggjafa, enn aldrei uppfyllingu lögmálsins. Spinoza, hinn þinni, leggur til grundvallar hina algjörðislegu skoðun Guð er "Substantia", eingin sönn tilvera er fyrir utan Guð; hann er takmarkalaus skynsemi, enn sem þó ekkji skilur sig sjálfa, því gjeti Guð það, þá takmarkaði hann sig sjálfan; hann er hugsuð sjálft, og því sjer hann sig ekkji. Þessi skoðun á Guði, er Mystik. Guð er tekinn hjer eins og eðli. Spinoza talar ekkji um sjálfstæðislega eiginlegleika hans. Guð er vera, ekkji vilji. Það eina nauðsynlega er nú, að komast í sameiningu við þessa veru, og það skjeður með því, að elska hann, og þessi elska á að vera ósigrjanlegri sjálfsafneitun mannsins. Maðurinn á hreinlega afneita sjer, og sínum eindaleika, enn setja sig í kjærleikanum og djúpi sálarsinnar og allri hegðunhannar — afsala sig honum í kjærleikanum, trúnni, ástinni, sem sönnum og eilífum Skapara! Frelsara! Helgara! o.s.fr.; helga sig og fela sig þessari blessuðu Veru, í hugsun, orði og verki, vilja og ákvörðunum og framgöngu og háttalagi, —— Kjærleikurinn, þessi kjærleikur er sama sem dygðin og sælan. Kjærleikurinn er "intellectualis"; laus við allar tilfinningar og geðshræringar, á þeim er eigið eitthvað [illegible], en í þessum kjærleika, er hvorki sorg eða gleði o. s. frv., heldur er hann "Dei intellectualis amor quo Deus se ipse amat"? Hjer er nú samfjelagið milli Guðs og manna Mystik; og fl. það eða sameining. Þó að Spinoza tali fallega, af djúpsæi um kjærleikann, þá gjetur hann ekkji átt sjer stað með öllu, eptir þeim algjörðisblæ, sem er á allri lærdómsbyggingu hans. Því kjærleikurinn gjetur einungis verið þar, sem tvenningin er; hann er eining 2. sem þó báðir enn hafa fyrir sig. Enn þessa tvenning vantar Spinoza. Þessi alheims andi, gjetur ekkji elskað, því það takmarkaði hann, þessvegna heimtaði ekkji Spinoza, að Guð elskji menn aptur. Menn sjá þessvegna, að þessi "amor. intel."? er ekkji hinn kristilegi kjærleikur, sem hefur uppstök sín af því, að Guð elskaði mennina fyrst. — Sama er að segja um Fichte, þótt hann sje á allt öðru sjónarmiði. Fichte var lærisveinn Kants, og tekur sömu stefnu, enn fer miklu lengra. Fich. leggur til grundvallar, hið sjálfstæðisl. sjónarmið, enn það svo mjög, að hann neitar allri tilveru, nema hinni sjálfstæðislegu skoðun. Eptir hans skoðun er það eina, sem hefur sannarlegt gildi, heimurinn er sjálfstæðisleg andi, sem hann kallar "Das Ich." — og meginmyndið þenna er að skapa. Gagnvart þessu hvelsi, er allt það er hann kallar "ekkji jeg", náttúr. allt það, sem ekkji hefur hvelse, og sínir hina hugsjón skapsemi. Þetta, "ekkji jeg", er ekkji, það hefur einungis þá þýðingu, að vera til mótspirnu fyrir hvelsið, vera eins og tálmanir fyrir afan það, svo hvelsið gjeti sigrað það, og sýnt kraft sinn á því. Þetta "Ekkji jeg" er þessvegna ekkji sín vegna, heldur einungis fyrir hvelsið, því annars gjeti hvelsið ekkji komið í ljós. Öll skapsemi þarf að hafa mótspirnu, til að gjeta sýnt kraft sinn. Þessar tálmanir mega aldrei fullkomlega hverfa, því þá deyji hvelsið, enn það gjetur ekkji hugsast. Í þessari skoðun er enn ekkjert: Mystik: hann er enn á sjálfstæðislegu sjónarmiði. Enn hin Mystik. skoðun kjemur fram, þegar hann fer til hugmyndarinnar um Guð. Guð fer hann út með því að segja þessi mörgu "jeg", mundu lýðast í sundur, ef ekkji væri til, eilíft sameiningarband ("copula") sem hjeldi þeim öllum saman. Þetta hlýtur að vera, og þetta kallaði hann "ordo ordinans". Hann er Guð. Þessi "ordo" "ordinans" er hinn sjálfstæðislegi Alheimsandi, sem er líf og sál, í hinum sjálfstæðislega heimi. Enn þessi "ordo" er ekkji neitt af fyrir sig, hann á sjer einga tilveru fyrir utan hið sjálfstæðislega fjelag manna, sem hann kallaði "ordo" "ordinatus". Þannig leiddi hann þá setningu: Guð er einungis að því leiti, sem mennirnir leiða hann í ljós: því þessi sjálfstæðislegi

kraptur kjemur í ljós, eptir því sem hin sjálfstæðislega skapsemi fjelagsins, kjemur þetta líf. Eptir þessari skoðun, verður Guð aldrei algjörr, hann er eilíflega í smíðunum. Þessvegna sagði Fichte. "Guð er eins og náð hinna sjálfstæðisl. verka". Þessi skoðun er nauðsynlega "mystisk"; það sjálfstæðislega sjónarmið, er hann gjekk útfrá, verður að Mystik. Guð er ekkji persónulegur, lifandi persóna utan fyrir sig, heldur hinn sjálfstæðisl. kraptur, sem liggur í eðli allra manna, og kjemur smátt og smátt út ávöxt. Eingin sönn aðgreining er hjer, milli Guðs og manns, heldur renna þeir saman, í óaðgreinanlega einingu. —— Ritningin hefur báðar hliðarnar sameinaðar 1 Kor. 6, 17: Sá sem sameinast Guði, er einn andi með honum. Sameining Guðs og manns, á að vera heilög og ævarandi kjærleiksband heldur þeim saman, ef allt er heilagt.

50. grein. — Persónuleg eining

Kristur er hin algjörða, persónulega eining og sjálfstæðislega. Í honum hefur það Guðlega sjálft, sameinað sig mannlegu eðli; hjá honum eigum vjer að leita eptir hinni sönnu sameiningu, milli Guðs og manna. Þessi atriði hljóta því að koma fram hjá honum í sannri einingu. Eining hans við Guð, verður að koma fram, sem vera-og-vilja-eining. Enn það að ekkji er hægt að að gjöra, þar náttúrunnar atriði í mannlegri veru, hana verða menn líka að skoða hjá Kristi, sem hinum sanna manni: Hans mannlega náttúra, verður einnig að koma til skoðunar, eins og [illegible] manna, svo eining hans verður einnig að lýsa sjer, sem náttúrueining. Öll þessi atriði koma tekin fram í Ritningunni, tilað mynda vera einingu Föðurs og Sonar, á þeim stöðum sem Kristur segir: "jeg og Faðirinn erum eitt". (Jóh. 10,30; Efes. 8,58; Kol. 2,9. —; Í þessum og öðrum stöðum er tekin fram hin verulega, eilífa, yfirheimslega eining Föðurs og Sonar. Ef menn halda sjer einungis fast við þessa staði, þá þeingjum vjer ófullkomna mind Krists. Einingin væri þá einungis "Mystik"; því ef viljaatriðið kjæmi hvergi að, þá væri Sonurinn ekkji sem einstaklingur sjer, aðgreindur frá Föðurnum, þeir væru ekkji aðgreindar Persónur. Enn þeir hafa tvo vilja, og þeir eru sameinaðir, í þeirri einu Veru, og þessa einingu Veranna, má ekkji taka svo fram, að þess Persónurnar og viljarnir sjeu aðgreindir. Eptir hinni Mystik. skoðun, er Faðirinn ekkji Pers., heldur ótakmarkað líf og ljós, og Sonurinn er verkfæri og opinberun þessa lífs, hann er ekkji neitt út af fyrir sig, heldur einungis birtandi þessa Guðlega lífs, viljalaust verkfæri. Ritningin tekur því eins fast fram hitt atriðið, einingu viljans; hún talar Ko. 5.12.–17. Tilgáta viljans, að Kristur með frjálsri [illegible] viljans, staðfestir hina verulegu einingu; 2. 3–4. (Faðir og Sonur og heilagur Andi náð og speki, er Guðdómurinn, eilífur, almáttugur, alvís, algóður, [illegible] mannlegum anda [illegible] Þar þrátt er það náttúrlegt, náð á sameiningu, er einn Guð og svo í einingu, óskiljanlegt [illegible] Guðdóminum Guðs sjálfs náð- og spekifullkomna. Hitt enn mannlegir [illegible] yfirgnæfandi, fyrir ofan allt, eilífur, [illegible] Sama sinnir freistingarnar. (Mk. 4. Krists sálarangist í Getsemane. Lúk. 22.42.; Hann gjefur sinn vilja undir Föðurins.) Verueining Krists — við Föðursins, staðfestist því, og kjemur í ljós, gjegnum einingu viljanna, á þann hátt, að Kristur beigir kröptum vilja síns, hann hefur verk að vinna, sem honum er feingið í hendur (Jóh. 4, 34. 17, 4). — Ekkji maður né optur, tilljet til þessa atriðis, þá inti Kristur einungis, eins og sjálfstæðisleg hetja; hann lýsti sjer eins og hinn einskærandi góður maður, eins og menn hafa sögur um Sókrates o. fl.; Hann ætti þá eins og hver annar, í baráttu við hold og blóð. Hjer verðum því eitt atriði að bætast við, að sameining Krists við Föðurinn, er náttúrleg eining, strax frá fæðingunni. Vilji Krists, er ekkji eins og hjá öðrum, í upphaflegu stríði og